



INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS
DELTA KAPPA GAMMA

Framkvæmdaráðsfundur 6. september 2014
Haldinn á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar

Klukkan 9:30 byrjuðu konur að tínast inn, fengu sér kaffi og meðlæti og spjölluðu áður en fundurinn hófst.

1. *Setning fundar.*

Fundur settur kl. 10.00 af Guðbjörgu Sveinsdóttur forseta. Hún bauð alla velkomna og Kistrún Ísaksdóttir kveikti á kertunum.

2. *Orð til umhugsunar.*

Orð til umhugsunar voru sögð af Sigríði Ragnarsdóttur. Hún ræddi um haustið og starf tónlistarskólanna sem er henni afar hugleikið. Hún ræddi um fjárskort þeirra, tækifæri, sköpunarkraft og samvinnufærni nemendanna og kennaranna. Listræn upplifun þroskar nemendur. Tónlistarnám örvar sköpunina hjá börnum og kennir þeim aga. Námið er dýrt og því miður eru nýbúabörn sjaldséð þar. Tónlistarskólar þurfa að leita leiða til að bæta þar úr og einnig þarf að fá fleiri nemendur sem eiga við fötlun að stríða í námið. Tónlistin örvar alzheimer sjúklinga og er það vel, því söngurinn er það síðasta sem gleymist hjá þeim. Tónlistarskólarnir gegna veigamiklu hlutverki í öllum sveitum landsins og má þar nefna sönginn, orgelleikinn og hægt er að kalla þá menningarvita síns héraðs. Hún vill að tónlistarskólarnir fari einnig ótroðnar slóðar og verði bæði orkuver og orkubrunnar samfélagsins.

3. *Kynning á starfsáætlun landssambandsstjórnar.*

Guðbjörg kynnti stjórnarkonurnar, gjaldkera, lögsögumann, alla fundarmenn og fyrirlesara. Í framkvæmdaráði er stjórn landsambandsins, fráfarandi forseti þess og formenn deilda. Gjaldkeri og lögsögumaður eiga einnig sæti í ráðinu en eru án atkvæðisréttar. Hún kynnti hlutverk framkvæmdaráðs en það gerir tilögur um verkefni og framkvæmd þeirra og leggur fyrir landssambandsþing eða deildir til athugunar.

Varðandi félaga- og útbreiðslumál er unnið að eflingu innra starfsins. Auka þarf virkni félagskvenna í deildastarfi, á vorþingum, í erlendu samstarfi og við að skrifa og miðla efni á vef samtakanna. Nýta styrki frá alþjóðasamtökum. Búið er að endurskoða og endurútgefa kynningarbækling samtakanna.

Styrkjum tengsl til framtíðar og eflum innra starf. Reynum að fjölga konum í deildum. Við vorum 324 í haust en nú erum við 344.

Skoða þarf þann möguleika að hafa áhrif á nærsamfélag og nærumhverfi. DKG er með konur til að hjálpa til við að þýða greinar á ensku. Íslenskar konur hafa verið virkar í alþjóðlegum nefndum – skemmtilegt og fræðandi starf. Forseti hvatti konur til

að vera duglegar að sækja um nefndastörf og muna eftir að gefa kynningarbæklinginn öðrum konum sem halda t.d. fyrirlestra hjá okkur.

4. *Nefndir.*

Guðbjörg fór yfir hlutverk nefnda. Laganefndin fer af stað þegar líður á haustið.

Handbókin er inni á vefnum. Landsambandsstjórnin mun fara yfir hana á vinnufundi 7. september og þá verður hún tilbúin til lokavinnslu hjá félaganefnd.

Menntamál: Leiðtoganámskeið hafa verið í boði. Sigrún Jóhannesdóttir hefur heimsótt deildir og haft stjórnunámskeið – að vera virkur þátttakandi.

Landsambandið borgar ferðirnar fyrir hana. Deildirnar borga henni fyrir fyrirlesturinn.

Vorþingið var 10. maí á Ísafirði. Næsta vor verður landsambandsþing á höfuðborgarsvæðinu. Fjölga þarf félagskonum á þetta þing.

5. *Afstaða til ýmissa mála.*

Á síðasta landsambandsþingi var tillaga um að hækka árgjaldið úr átta þúsund krónum í 10 þúsund krónur. Þegar tillagan verður kynnt í vor á landsambandsþinginu verður lokakosning um hana. Nokkrar umræður spunnust um þennan lið. Átta þúsund krónur eru greiddar eins og er til landsambandsins. Aðalútgjöldin eru gjöld til aðalsamtakanna sem eru 40 dollarar, ferðir félaga og ferðir forseta út um land. Sumar deildir láta borga 12 þúsund krónur til að eiga fyrir einhverjum glaðningi fyrir félagsmenn sína. Mörgum félagsmönnum hér finnst þetta hátt gjald. Aðrar styðja hækkun gjaldsins til að geta haldið uppi öflugum fræðslu- og endurmenntunarstarfi. Fram kom að landsambandsstjórnin á litla peninga, öll fjármál eru í járnum og ekkert má út af bregða. Ný tillaga er um að hafa gjaldið níu þúsund krónur. Miklar umræður sköpuðust um þetta. Gengið var til kosninga. Þrír vildu hafa níu þúsund króna gjald en 11 voru á móti. Fjórtán samþykktu 10 þúsund króna gjald og engin var á móti. Þessi tillaga fer áfram á næsta aðalfund.

6. *Næsta Landsambandsþing/-fundur.*

Menntanefnd mun skipuleggja alla dagskrá á þinginu. Guðbjörg forseti spurði hvort einhver deild á höfuðborgarsvæðinu hefði áhuga á því að skipuleggja utanumhald þessa þings. Það liggur á að taka þessa ákvörðun. Hægt er að bera þetta upp á fyrsta fundi hvefrrar deildar. Láta þarf forseta vita fyrir 15. október. Fram kom að jákvætt gæti verið ef tvær deildir sameinuðust um að undirbúa þingið. Þingið hefur alltaf verið fyrstu helgina í maí. Nú lendar 1. maí á föstudegi. Lagt var til að hafa þingið því helgina 9. og 10. maí. Það var samþykkt. Virkni er það sem skiptir mestu máli í félaginu, sagði forseti. Mæta þarf vel á þing og einnig er gefandi að komast á erlendar ráðstefnur og finna kraftinn í konunum sem starfa í menntageiranum.

7. *Hvað gerir formaður deildar?*

Ingibjörg Einarsdóttir sá um þennan lið. Ingibjörg byrjaði á að minna konur á að starfið þurfi að vera í anda markmiða samtakanna. Allar konur í DKG eru uppteknar konur og því mikilvægt að starfið sé vel skipulagt, að vetrardagskráin sé ákveðin tímanlega og aðgengileg á vefnum með fundartímum og efni. Boða þarf fundi með góðum fyrirvara og senda dagskrá í tölvupósti. Ef engin viðbrögð eru við tölvupósti verða formenn að hringja í viðkomandi konur. Þetta segir Ingibjörg mjög mikilvægt til að sýna félagskonum að þær skipta máli, ekki bíða lengi eftir viðbrögðum við tölvupósti.

Setning fundarins, kveikja á kertum, nafnakall er mikilvægt og þá kemur kveðja frá konum. Byrja stundvíslega, venja konur á að þær verði að láta vita ef þær koma seint. Fastur liður er orð til umhugsunar, skipta á milli kvenna og skrá það. Gagnsær liður, ekki fyrirlestur, ekki langt, gefa konunni ákveðinn tíma, stuttan, gefa góðan tíma til undirbúnings. Ekkert frekar gert ráð fyrir umræðum í þessum lið. Fundarstjóri stýrir fundartímanum og allir vita hve langan tíma þeir fá, stýra umræðum.

Fundargerð síðasta fundar, lesin upp á fundinum, mikilvægt, nöfn þeirra sem mættu eru lesin upp, Ingibjörg mælir með því. Fundargerð, umræður urðu um hvort hægt sé að senda fundargerðina í tölvupósti áður og fá hana svo samþykkt á fundinum og sleppa því að lesa hana upp. Þær sem reyndari eru segja mikilvægt að lesa fundargerðina upp. Það rifjar upp og skapar oft umræður eftir á. Það er ótryggt að allar hafi lesið hana fyrir fundinn. Mikilvægt því fundargerðirnar fara á vefinn.

Aðalefni fundarins er ákveðið. Undirbúa vel allt sem til þarf. Gefa tíma fyrir fréttir frá landssambandinu, alþjóðasamtökunum og Evrópusamtökunum. Önnur mál. Þegar öllu er lokið er fundartíminn hugsanlega tveir eða tveir og hálfur tími. Slíta fundi formlega á þeim tíma sem gefinn var upp. Konur geta spjallað eftir það ef þær vilja.

Fyrirlesara er færð rós og kynningarrítið, vekja athygli hans á samtökunum. Bæklingurinn var nýlega uppfærður og gaman að afhenda hann með rósinni.

Ekki sætta sig við lélega mætingu, skoða starfið og ræða. Velta fyrir sér hvort starfið sé eins og þær bjuggust við, er deildin að missa konur út, af hverju? Félagaskráin þarf að vera rétt á heimasíðunni.

Ingibjörg ítrekaði að formaður er ábyrgur fyrir því sem gert er í deildinni, hann er ábyrgur fyrir starfi gjaldkerans og þarf að halda uppi síðum og venjum, hann dreifir ábyrgð og felur öðrum hlutverk. Hún bendir á að það sé alltaf gaman að vera í sambandi við aðrar deildir.

Á síðasta þingi var hugmynd um að taka alltaf með sér 1-2 konur á þing og þannig ætti að fjölga á þingunum. Hvetja konur til að mæta á þing, t.d. gæti deild sett sér lágmarksfjölda, deildir styrki konur á þingin ef kostur er.

Ingibjörg ræddi inntöku nýrra félaga. Segir endurnýjun nauðsynlega og bendir á að deildir eldast, huga þarf að því, stækka deildir og yngja upp. Fara yfir samsetningu kvenna í deildinni, velta fyrir sér úr hvaða störfum vantar og hvernig viljum við hafa samsetninguna. Huga vel að þessu. Taka fleiri en eina konu inn í einu. Gera þetta vel. Það tekur tíma að taka inn í deildina, huga að því. Flutningur á milli deilda ræddur og fyrirkomulag þess.

Segir að gera þurfi skrá yfir eignir deildarinnar.

Minna konur á að koma með nælurnar á fundi, setja það í fundarboð. Staðsetning funda, safnast saman í bíla það hefur félagslegt gildi. Gleði þarf að ríkja á fundum.

8. *Gjaldkerufréttir.*

Jensína, gjaldkeri fór yfir helstu hlutverk gjaldkera. Gjaldkerar sjá um að innheimta félagsgjöldin sem þurfa að berast gjaldkera samtakanna 10. nóvember. Formaðurinn þarf að fylgja þessu eftir ásamt gjaldkera deildar, getur verið erfitt. Hún fór yfir hvaða form gjaldkerar þurfa að fylla í. Félagsskírteini koma svo til þeirra þegar gjöldin hafa verið greidd. Tilkynna þarf allar breytingar til gjaldkera landssambandsins með

ákveðnu formi til gjaldkera. Formenn verða að styðja við bakið á gjaldkera í sinni deild. Óvirkir félagar greiða hálf gjald.

9. *Að stjórnar fundi.*

Sjöfn Sigurbjörnsdóttir fór yfir fundarstjórn og segir hana mikilvæga í starfi formanns. Fundarstjóri getur sagt skemmtisögu og gerði Sjöfn það. Tilgangurinn með fundarsköpum er að flýta fyrir málum á hagkvæman hátt. Það tekur tíma að læra fundarsköp. Ef tillögur eru bornar upp mega þær vera skriflegar eða munnlegar. Fundarsköp eru til að vernda rétt einstaklingsins, tryggja réttlæti og jafnrétti og viðhalda sátt, samlyndi og reglu.

Formaður þarf ekki alltaf að vera fundarstjóri. Tillögur eru það erfiðasta við fundarsköp, tillögur bornar upp í þeirri röð sem þær berast. Huga vel að hvernig þetta er gert. Tillögu sem hefur verið felld má ekki bera aftur upp undir sama dagskrárlið á sama fundi. Atkvæðagreiðsla getur verið leynileg eða með handauppréttingu. Á aðalfundi skal skipa fundarstjóra og ritara, leyfa umsögn um ársskýrslu, gjaldkeri. Sjöfn segir að deildir þurfi að kjósa svefstjóra. Setja nýjar konur strax inn í nefndir til að virkja þær.

Sjöfn fór yfir skyldur formanna. Huga vel að nýjum konum. Leyfa konum að segja frá sínu starfi. Skipa konur í sæti á fundum af og til þannig að þær sitji hjá konu sem þær þekkja ekki eða lítið.

Hádegissnarl og spjall.

10. *Hópumræður.*

Fundarkonum var skipt í hópa og ræddu þær starfið í deildum. Þær voru líka beðnar að velta fyrir sér hvaða væntingar þær hefðu til landssambandsstjórnar.

11. *Kynning á vef samtakanna.*

Guðbjörg kynnti heimasíðuna. Hún benti líka á handbókina, lög, reglur, félagatalið, gott fyrir formenn að hafa félagatalið yfir aðrar deildir útprentað. Ýmsar upplýsingar á vefnum, fréttabréfin eru þar líka. Hún sagði einnig frá facebooksíðunni sem er læst síða. Formenn benti félögum á að setja sig á póstlista til að fá alltaf fréttir. Síðan er lifandi og konur geta sent ósk um að fá að vera með þar. Deildirnar geta sett inn fréttir. Ef konur eru að gera eitthvað merkilegt þá er um að gera að setja það þar inn. Evrópusíða er líka á facebook. Guðbjörg hvatti konur til að fylgjast með á facebook. Guðbjörg sagði frá nefndum á vegum landssambandsins, hlutverki þeirra og formönnum. Hægt er að sjá þetta betur á heimasíðunni. Menntanefnd, laganefnd, féлага- og útbreiðslunefnd, samskipta- og útgáfunefnd, námsstyrkjanefnd og uppstillinganefnd.

Erlendar nefndir kosnar til tveggja ára. Íslenskar konur sem eru í erlendum nefndum. Þær eru Auður Torfadóttir, Dagbjört Ásgeirsdóttir, Guðný Helgadóttir, Sigríður Ragna Sigurðardóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Eygló Björnsdóttir og Krístrún Ísaksdóttir. Sjöfn Sigurbjörnsdóttir er í nefnd til fjögurra ára.

12. *Starfið erlendis.*

Ingibjörg Jónasdóttir var með þennan lið. Svæðin eru fimm, fjögur í USA og svo Evrópa sem er eitt svæði. Hægt að sjá meira um hlutverk, verkefni, stjórnir og fleira á heimasíðu samtakanna. Evrópskar konur fá eina konu inn í hverja alþjóðanefnd sem er talsvert vægi. Ingibjörg benti á efni sem deildir geta notað þegar þær eru í

naflaskoðun. Námskeiðið sem efnið er frá heitir “Strengthening chapters” og geta stjórnir deilda fengið það. Tala við Ingibjörgu Jónasdóttur ef þær vilja fá það. Samskipti við erlendar nefndir gefa færi á samskiptum og félagatengslum erlendis. Hægt að fá þær sem eru í erlendum nefndum til að koma á fundi hjá deildum og segja frá.

13. Samantekt frá hópunum.

Hópur 1: Vilja nýta konurnar í deildunum meira til að segja frá frekar en að sækja það út fyrir hópinn. Vilja líka fá konur úr öðrum deildum í heimsókn með erindi.

Hópur 2: Þetta deild ætlar að halda fyrsta fund sem hugmyndafund. Ætla að stofna leshring með með þátttakendum bæði innan og utan deildarinnar. Lesið yrði menntatengt efni.

Hópur 3: Zeta deild sagði frá því að þær vilja leggja áherslu á að hlúa að þeim sem eru mættar frekar en að vera alltaf að svekkja sig á hve fáar mæta, „ef okkur líður vel þá koma hinar“. Að formenn fylgist með hverjar í þeirra deild klára masterspróf og doktorspróf eða fari í mikilsverð embætti, setja það inn á facebook. Forseti sjái til þess að til sé kort sem þessum konum verði sent í pósti.

Hópur 4: Hlutverk landssambandsins, ánægðar með það eins og það er. Formenn geta sótt aðstoð til stjórnarinnar ef þarf. Þemu: konur í brúnni”, „fátækt”. Deild gæti farið í SVÓT greiningu á starfi deildarinnar, „hverju getum við skilað til samfélagsins?“ að fá konurnar í deildinni til að segja frá sínu starfi.

14. Önnur mál.

Kristrún benti á að samþykkja þarf á framkvæmdaráðsfundi hvort fundargerðir stjórnar séu settar inn á vefinn. Það var borið upp og samþykkt með þeim rökum að formenn vilji vita hverju landssambandsstjórnin sé að velta fyrir sér og fá að fylgjast með ákvörðunum sem hún tekur. Bent á að það þurfi að gera hér eftir.

15. Fundarslit.

Guðbjörg þakkaði þeim konum sem lögðu fram erindi á þessum fundi. Hún afhenti þeim rauða rós með orðunum að rósin væri tákn samtakanna og tákn andagiftar og sköpunargáfu. Hún sleit svo fundi með því að lesa upp ljóð eftir Þóru Jónsdóttur.

Fundi var slitið klukkan 14:30.